

# PINGGERÐ

41. PINGS U.M.S.K.

1964

ÞINGGERÐ

41. þing U.M.S.K.

41. þing Ungmennasambands Kjalarnesþings var haldið að Asgarði sunnudaginn 8. marz 1964. Mættir voru fulltrúar frá fimm félögum.

I. Formaður sambandsins Haukur Hannesson setti þingið, og bauð fundarmenn velkomna til þingstarfa.

Var síðan gengið til dagskrár.

II. Kosning kjörbréfanefndar, kosnir voru Guðmundur Oskarsson, Sigurður Skarphéðinsson, Gestur Guðmundsson.

III. Kosinn þingforseti og tveir til vara.

a. Olafur Ágúst Ólafsson

b. Jón Ólafsson

c. Jón Guðmundsson

VI. Kosnir ritarar:

a. Sig. Geirdal

b. Helgi Magnússon

Kosningar gengu greiðlega og voru starfsmenn þessir kosnir með samhljóða atkvæðum.

Kjörbréfanefnd lauk störfum er hér var komið og reyndust þessir rétt kjörnir fulltrúar:

Frá U.M.F. Afturelding:

Baldur Magnússon

Fleming Jensen

Jón Magnússon

Guðjón Kjartansson

Sigurður Sakrphéðinsson form.

Frá U.M.F. Bessastaðahrepps:

Ulfar Armannsson, form.

Frá U. M. F. Breiðablik :

Steinar Lúðvíksson  
Guðmundur Oskarsson  
Þórður Guðmundsson  
Helgi Magnússon  
Stefán Einarsson  
Gestur Guðmundsson  
Sig. Geirdal, form.

Frá U. M. F. Drengur :

Haraldur Jónsson, form.  
Bergur Magnússon  
Helgi Jónsson  
Olafur Þór Ólafsson  
Gísli Ellertsson  
Guðbrandur Hannesson  
Olafur Agúst Ólafsson

Frá U. M. F. Kjalnesinga :

Páll Ólafsson  
Bjarni Þorvarðarsson

Var niðurstaða kjörbréfanefndar samþykkt samhljóða.

V. Kosin nefndanefnd :

Steinar Lúðvíksson  
Ólafur Þór Ólafsson  
Úlfar Ármannsson  
Guðjón Hjarnarson  
Jón Ólafsson

VI. Skýrsla sambandsstjórnar :

Sambandsformaður Haukur Hannesson gat þess að U. B. K. hefði annast frjálsíþróttamót innan sambandsins á liðnu sumri, en harmaði að til keppinnar mættu aðeins tvö félög. Skýrði hann einnig frá för norður á Akureyri á vegum sambandsins í svokallaða fjögurra bandalaga keppni. Gat hann þess einnig að einstök félög innan sambandsins hefðu tekið þátt í mótum í handknattleik og knattspyrnu o. fl. greinum. Bridgekeppni sambandsins féll niður vegna lélegrar þátttöku úr sveitum.

Gat formaðu þess, að hann hefði mætt á þingi hjá Í.S.Í. sem var haldið í Haukadal, sagði hann að Gylfi P. Gíslason hefði rætt þar um nýja íþróttalöggjöf og skýrði lítillega frá því.

Er hér var komið mættu þeir Karl Haraldsson og Olafur Haraldsson frá U.M.F. Kjalnesinga.

Þá gat formaður þess, að sambandið hefði látið prenta spjaldskráreyðublöð fyrir hin einstöku félög og hafði Sigurður Skarphéðinsson séð um það.

Formaður greindi frá því, að á síðasta þingi hafi verið stungið uppá því að kenna og koma upp mælskunámskeiði, en framkvæmdir hefðu ekki orðið á því á starfsári síðustu stjórnar, en lagði til að samráð væri haft við Félagsmálastofnunina.

Gat formaður þess, að félagsmenn sambandsins væru nú um 510 talsins. Þakkaði hann síðan meðstjórnendum sínum gott samstarf á liðnu ári, og lauk máli sínu.

Síðan las gjaldkeri Sigurður Skarphéðinsson upp reikninga sambandsins og skýrði þá.

Páll Olafsson tók næstur til máls og þakkaði stjórninni fyrir unnin störf. Sagðist hann sjá af skýrslu formanns að hann hefði lagt alúð við starf sitt og þar með öll stjórnin. Greindi hann frá því að eitt sinn hefði átt að gefa út sögu sambandsins, en er allt kom til alls reyndist það ekki mögulegt þar sem kostnaður var það mikill við slíkan bækling, var síðan ákveðið að gefa út blað.

Gat Páll þess að sala blaðsins hefi gengið mjög illa og væru til nokkrar byrgðir af þessu og kom með þá tillögu að blöðum þessum væri dreift til annarra sambanda um landið til þess að kynna starfsemi U.M.S.K. X

Haukur Hannesson þakkaði Páli góð orð í garð stjórnarinnar. Er hér var komið mætti á fundinn formaður U.M.S.Í. Eiríkur J. Eiríksson.

Jón M. Guðmundsson tók næstur til máls og hélt ræðu um félagsmál: Sagði hann að félags- og íþróttamálin væru í frekar lausum reipum og að ungmennafélögin hefðu ekki ráðið við sín málefni á undanförunum árum og hefði þróunin því orðið sú að stofnuð hefðu verið æskulýðsráð, sem hefðu tekið að nokkru leyti við störfum ungmennafélaganna.

Gat hann þess að eitt aðalvandamál ungmennafélaganna væru fjárhagsvandamálin, svo sem vegna íþróttamannvirkja og væri það ef til vill orsök þess, hvað erfitt væri að fá menn til þess að starfa fyrir félögin. Lagði hann til að reynt yrði að nýta betur þau íþróttamannvirki sem fyrir væru.

Ítrekaði Jón að samstarf væri haft með æskulýðsráðum og ungmennafélögum til þess að fjármagn nýttist betur. Lagði hann síðan fram tillögur sínar til athugunar fyrir hinar ýmsu nefndir sem starfa myndu á þinginu.

Er hér var komið var gert matarhlé.

Eftir hléið tók Jón Guðmundsson við störfum þingforseta, og var næst á dagskrá tillögur nefndanefndar um skiptingu þingfulltrúa í nefndir, en þær væru þannig:

Allsherjarnefnd: Bjarni Þorvarðarson  
Baldur Magnússon  
Gísli Ellertsson  
Helgi Jónsson  
Magnús Sæmundsson  
Þórður Guðmundsson

Fjárhagsnefnd: Sigurður Skarphéðinsson  
Guðmundur Óskarsson  
Jón Ólafsson  
Bergur Magnússon  
Karl Haraldsson

Félagsmálanefnd: Jón M. Guðmundsson  
Stefán Einarsson  
Haukur Hannesson  
Haraldur Jónsson  
Gestur Guðmundsson  
Páll Ólafsson

Íþróttanefnd: Sigurður Geirdal  
Ólafur Þ. Ólafsson  
Flemming Jensen  
Úlfar Armannsson  
Helgi Magnússon  
Guðbrandur Hannesson

Nefndirnar þannig skipaðar voru samþykktar samhljóða.

Sambandsformaður tók til máls og las upp nokkrar ályktunartillögur og var þeim vísað til nefnda.

Páll Olafsson tók til máls og hvatti til menntunar í fundarstjórn og fundarreglum, svo og mælkulist.

Haukur Hannesson tók til máls og hvað stjórnina hafa athugað þörf á breytingum á lögum, til þess að samræma reikningsár félaganna, og vísaði þar að lútandi tillögu til félagsmálanefndar.

Næsti liður á dagskrá var skýrsla formanna félaganna, sem voru nokkuð ýtarlegar og nú í fyrsta sinn á sérstökum eyðublöðum sem sambandsstjórn hafði látið félögunum í té.

Þá tók til máls séra Eiríkur J. Eiríksson. Kvað hann U.M.S.K. hafa haft merkilegur hlutverki að gegna U.M.S.Í., þar sem U.M.S.K. hefði jafnan átt stóran hluta af forustu U.M.S.Í. Ræddi hann síðan almenna þróun ungmennafélagshreyfingarinnar á Íslandi og bar hana saman við hliðstæðar hreyfingar á hinum Norðurlöndunum.

Síðan var gert hlé um stund og nefndir tóku til starfa.

Er fundur var settur aftur voru þeir Axel Jónsson og Hermann Guðmundsson, framkvæmdarstjóri Í.S.Í. mættir á þingið.

Axel Jónsson ávarpaði þingið og hvatti menn til áframhaldandi starfa í þágu íþróttanna. Hermann Guðmundsson tók einnig til máls og greindi frá starfi Í.S.Í. og væntanlegum störfum þess á næsta ári. Kom þar fram að Í.S.Í. mun nokkru betur borgið í framtíðinni en hingað til, og verður því kleift að halda úti fleiri þjálfurum og bæta erindreksturinn. Tóbakspeningarnir gera Í.S.Í. einnig kleift að styrkja Héraðssamböndin meira en áður, óskaði hann að U.M.S.K. að lokum alls hins bezta.

Er hér var komið tók Jón Olafsson við störfum þingforseta, og voru næst tekin fyrir álit nefnda.

a. Alit félagsmálanefndar :

Framsögumaður Jón M. Guðmundsson, las upp tillögur nefndarinnar, sem voru þessar :

- I. Um spjaldskrá o. fl., samþ. samhljóða.
- II. Um reikningsár félaganna samþ. samhljóða.
- III. Um námskeið í fundarhöldum. samþ. samhljóða.
- IV. Um endurskoðun laga o. fl. samþ. samhljóða.
- V. Um æskulýðsstörf o. fl. samþ. samhljóða.

( Sjá þingskjöl I. II. III. IV. V. )

b. Alit allsherjarnefndar :

Framsögumaður nefndarinnar Bjarni Þorvarðsson. Tillögur nefndarinnar voru þessar :

- I. Um Ráðstöfun á afmælisriti U.M.S.K. samþ. samhljóða.
  - II. Um þjálfun, kennslu o. fl. samþ. samhljóða.
- ( Sjá þingskjöl VI. VII. )

c. Alit fjárhagsnefndar :

Framsögumaður Sigurður Skarphéðinsson, tillögur sem hér segir :

- I. Um skatt félaganna o. fl. samþ. samhljóða.
  - II. Um fjárhagsáætlun o. fl. " "
  - III. Um þakkir til stuðningsm. " "
  - IV. Um námskeið " "
- ( Sjá þingskjöl VIII. IX. X. XI. )

d. Alit ípróttanefndar :

Framsögumaður Sigurður Geirdal las upp tillögur nefndarinnar, sem voru þessar :

- I. Um nýtingu ípróttamannvirkja o. fl. samþ. samhljóða.
  - II. Um starfsípróttir o. fl. " "
  - III. Um ípróttamál. " "
  - IV. Um sundmót. " "
  - V. Um knattspyrnu. " "
- ( Sjá þingskjöl XII. XIII. XIV. XV. XVI. )

e. Sjá þingskjöl XVII. Flutningsmaður Jón M. Guðmundsson.

Næsti liður á dagskrá var önnur mál. Sigurður Geirdal tók til máls og spurðist fyrir um tryggingarmál ípróttamanna. Hermann Guðmundsson svaraði þessu og sagði að greiddur væri skattur af hverjum meðlim, er skattskyldur væri í félögunum. Haukur Hannesson tók þá til máls og kvað það mjög óréttlátt að félögin þyrftu að greiða af öllum sínum meðlimum hver sem starfsemi þeirra væri. Sigurður Geirdal sagði að sér finndist það nokkuð hlálegt að þurfa að Slysatryggja tafl og bridgefélaganna. Axel Jónsson tók til máls og kvað þessa skipan mála komna frá formönnum héraðssambandanna og ef þessu yrði breitt þyrfti eitthvað að koma í staðinn t. d. hækkun iðgjalda.

Séra Eiríkur J. Eiríksson tók til máls og ræddi um fjármál ungmennafélaganna og framtíðarhorfur í þeim efnum, hann hvað tryggingar-

málin vera stórmál og þótti gott að menn skyldu ræða þau á þessu þingi.

Axel Jónsson, tók næstur til máls og þakkaði fyrir hönd Í.S.Í. sérstaklega gott samstarf við U.M.S.K. á undanförunum árum.

Er hér var komið hafði kjörnefnd lokið störfum og voru uppástungur hennar samþykktar samhljóða, en þær voru sem hér segir:

Sambandsstjórn:

Formaður: Haukur Hannesson  
Varaformaður: Gestur Guðmundsson  
Meðstjórnendur: Sigurður Skarphéðinsson  
Einar Ólafsson  
Arni Snorrason  
Varastjórn: Njáll Guðmundsson  
Bjarni Þorvarðsson  
Tómas Sturlaugsson  
Geir Magnússon  
Hildimundur Sæmundsson  
Endurskoðendur: Lárus Halldórsson  
Ólafur Ag. Ólafsson  
Varamenn: Guðjón Hjartarson  
Jón Ólafsson

Fulltrúar á þing. F.R.Í.

Lárus Halldórsson  
Hörður Ingólfsson  
Steinar Ólafsson  
Varamenn: Ingólfur Ingólfsson  
Axel Jónsson  
Njáll Guðmundsson

Fulltrúar á þing U.M.F.Í.

Lárus Halldórsson  
Haukur Hannesson  
Guðmundur Oskarsson  
Varamenn: Helgi Jónsson  
Páll Ólafsson  
Úlfar Ármannsson



Fulltrúar á þing Í.S.Í.

	Jón Guðmundsson
	Gestur Guðmundsson
Íþróttaráð:	Janus Eiríksson
	Olafur Þór Olafsson
	Hildimundur Sæmundsson
	Ingólfur Ingólfsson
	Olafur Haraldsson
Varamenn:	Sverrir Jónsson
	Karl Haraldsson
	Magnús Sæmundsson
	Stefán Rafn Eypórsson
	Einar Kristjánsson

Fulltrúar á þing K.S.Í.

	Daði Jónsson
	Sigurður Skarphéðinsson
	Helgi Magnússon
Varamenn:	Tómas Sturlaugsson
	Guðmundur Óskarsson
	Júlíus Júlíusson

Fulltrúar á þing H.S.Í.

	Jón M. Guðmundsson
	Bára Eiríksdóttir
	Jón Guðmundsson
Varamenn:	Guðjón Hjartarsson
	Skúli Skarphéðinsson
	Stefán Einarsson

Fulltrúar á Sundsambandsþing:

	Eyjólfur Magnússon
Varamaður:	Steinar Lúðvíksson
Íþróttadómstóll:	Lárus Halldórsson

Er hér var komið var dagskrá þingsins tæmd og komið að þingslitum. Axel Jónsson kvaddi sér hljóðs og mælti nokkur orð um undirbúning næsta Landsmóts og hvatti menn óspart til að standa sig vel þar, árnaði hann þinginu síðan allra heilla svo og sambandinu.

Haukur Hannesson tók næstur til máls og þakkaði gestum þingsins hvatningsorð og árnaðaróskir sem þeir höfðu flutt sambandinu. Einnig þakkaði hann starfsmönnum þingsins vel unnin störf og það traust sem honum hafði verið sýnt af þingfulltrúum.

Þingforseti þakkaði síðan Kjósverjum fyrir höfðinglegar móttökur, og sleit síðan 41. sambandsþingi U.M.S.K.

Sigurður Geirdal  
( ritari )

Helgi Magnússon  
( ritari )

## ÞINGSKJÖL

1. 41. þing U.M.S.K. samþykkir að sambandsfélögin haldi spjaldskrá yfir féлага sína, sem sambandsstjórn hefur aðgang að, þegar hún óskar þess.
2. 41. þing U.M.S.K. beinir því til sambandsfélaganna, að þau miði reikningsár sitt við 1. okt.
3. 41. þing U.M.S.K. minnir á þingskjöl frá síðasta þingi og samþykkir að beina því til væntanlegrar stjórnar að halda námskeiðum fundarstjórn og fundarsköp á næsta starfsári.
4. 41. þing U.M.S.K. samþykkir að fela sambandsstjórn að endurskoða lög sambandsins, og skili hún álit á næsta þingi.
5. 41. þing U.M.S.K. beinir því til sambandsstjórnar, að hún beiti sér fyrir því að samræma æskulýðsstörf og íþróttamálin, með það fyrir augum að nú eru a.m.k. starfandi tvö æskulýðsráð sveitafélaganna. Æskilegt sé að fundur um þessi mál væri haldinn með æskulýðsráðum og stjórn U.M.S.K.
6. 41. þing U.M.S.K. samþykkir að fela stjórn sambandsins, að kanna möguleika á sölu á afmælisriti sambandsins, eða ráðstafi ritinu á annan hátt.
7. 41. þing U.M.S.K. beinir þeim tilmælum til stjórnar sambandsins að hún setji sig í samband við menn búsetta á svæðinu til þess að athuga möguleika á því að þeir taki að sér þjálfun í ýmsum íþróttum og öðrum félagsmálum.
8. 41. þing U.M.S.K. samþykkir að hækka skatt félagsmanna úr 13 kr. í kr. 15 af hverjum skattskyldum féлага, þannig að hlutur U.M.S.K. verði 5 krónur.
9. Fjárhagsáætlun fyrir árið 1964.

### Tekjur :

Skattur og iðgjöld .....	Kr. 10.230,00
Styrkur frá Gullbringusýslu .....	" 4.000,00
" " Kjósasýslu .....	" 12.000,00
" " Kópavogskaupstað .....	" 4.000,00
" " Búnaðarsambandi Kjalarnespings .....	" 1.000,00
<u>Vextir</u> .....	" 500,00
	<u>Kr. 31.730,00</u>

Gjöld :

Skattur og iðgjöld .....	Kr.	8.000,00
Stjórnarkostnaður .....	"	4.500,00
Kostnaður vegna íþróttá .....	"	15.000,00
Kostnaður vegna starfsíþróttá .....	"	1.000,00
<u>Ýmis kostnaður .....</u>	<u>"</u>	<u>3.230,00</u>
	Kr.	<u>31.730,00</u>

10. 41. þing U.M.S.K. þakkar þeim aðilum sem hafa styrkt sambandið með fjárframlögum vegna starfsemi þess.

11. 41. þing U.M.S.K. skorar á stjórn sambandsins að gera nú þegar ráðstafanir til þess að koma á námskeiðum á sambandssvæðinu í samræmi við áætlun Í.S.Í. og F.R.Í. þar að lútandi.

12. 41. þing U.M.S.K. skorar á væntanlega stjórn sambandsins að beita sér fyrir því að skipuleggja íþróttþjálfun á sambandssvæðinu, svo að íþróttamannvirki og þjálfarar nýtist sem best. Til dæmis að tekið sé til athugunar svæðisskipulag í þessum málum utan um íþróttamannvirki, sem nú þegar eru á svæðinu.

13. 41. þing U.M.S.K. fagnar þeim áfanga sem náðst hefur í starfsíþróttum og beinir því til væntanlegrar stjórnar, að gera starfsíþróttir að föstum lið í starfi U.M.S.K.

14. 41. þing U.M.S.K. vill vekja athygli á því að U.M.S.K. á að sjá um næstu fjögurrabandalagakeppni og hvetur stjórn sambandsins til þess að undirbúa hana sem best.

15. 41. þing U.M.S.K. fagnar þeim áfanga sem náðst hefur með byggingu sundlaugar í Mosfellssveit, og beinir þeim tilmælum til væntanlegrar stjórnar, að hún beiti sé fyrir sundmótum til þess að vekja áhuga fyrir sundíþróttinni á sambandssvæðinu.

16. 41. þing U.M.S.K. samþykkir að skora á væntanlega stjórn sambandsins að beita sér fyrir knattspyrnukeppni í sem flestum flokkum innan sambandsins.

17. 41. þing U.M.S.K. samþykkir að senda landsliði og fararstjóra ísl. handknattleiksliðsins á heimsmeistarakeppninni hvatningar og árnaðaróskir.

